

Sþ. 498. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar, sökum þess háska, sem yfir þjóðinni vofir af völdum ófriðarins, gagngerðar ráðstafanir til að tryggja svo sem framast er unnt líf, öryggi og afkomu allra þjóðfélagsþegna.

Álitur Alþingi óhjákvæmilegt, að á slíkum tímum sé eitt látið yfir alla ganga og því beri sérstaklega að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Að koma upp margháttuðum atvinnuframkvæmdum til að bæta upp það atvinnutjón, sem verður af völdum styrjaldarinnar, jafnframt með það fyrir augum, að hagnýta sem best gæði landsins til að afla þjóðinni nauðsynja.
2. Að afnema allar hömlur, sem standa í vegi fyrir því, að kaup verkafólks og lágláunamanna geti hækkað í réttu hlutfalli við hækkað verðlag.
3. Að hlutast til um það, að framfærslustyrkur og aðrir opinberir styrkir hækki að fullu í hlutfalli við aukinn framfærslukostnað.
4. Að koma upp skömmtun á öllum matvörum, vefnaðarvöru og öðrum nauðsynjavörum, sem horfur eru á, að ekki sé unnt að afla nægilegs af, og nái sú skömmtun til allra.

5. Innflutningur á óþarfavörum, þar með talið áfengi, verði hannaður, að svo miklu leyti, sem telja má, að ekki verði fyllilega nægur gjaldeyrir til innflutnings á nauðsynjavörum.
6. Ef skortur verður á húsnæði, að taka leigunámi þá hluta stóribúða, sem óþarft má telja, að eigandi noti til eigin þarfa.
7. Að láta framkvæma tafarlaust hinn ýtrasta sparnað í þjóðarþúinu, afnema aukagreiðslur og aðrar óþarfar greiðslur, lækka hálaun og leggja sérstakan skatt á einstaklinga og fyrirtæki, sem telja má, að hafi stríðsgróða. Skulu allar þessar aðgerðir miðaðar við það, að þjóðin hafi ekki ráð á því, eins og sakir standa, að nokkur einstaklingur hafi meira en 8000 króna árstekjur til eigin afnota, miðað við núverandi kaupmátt krónunnar.

Að svo miklu leyti, sem nýrra lagafyrirmæla þarf til þessara framkvæmda, felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja hið bráðasta frumvörp þess efnis fyrir þingið, svo þau geti orðið að lögum á yfirstandandi Alþingi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt ákvörðunum miðstjórnar Sósíalístaflokksins og í samræmi við þá stefnu, sem sett er fram í opinberu ávarpi miðstjórnarinnar. Látum við hér fylgja þann hluta ávarpsins, sem fjallar um þessi mál sérstaklega:

„Nýir erfiðleikar steðja að þjóðinni, svo stórfelldir, að ekki er enn hægt að gera sér grein fyrir, hver áhrif þeir muni hafa á allt líf hennar og afkomu. Norðurlöndin, sem við höfum átt svo viðtæk skipti við, eru nú orðin styrjaldarvettvangur heimsvaldastyrjaldarinnar. Enginn veit, hvort íslenska þjóðin fær að halda sjálfstæði sínu. En hitt er vist, að öll viðskipti okkar við Norðurlönd eru stöðvuð. Það getur farið svo, að hitaveita Reykjavíkur og margar aðrar verklegar framkvæmdir, sem erlent efni þarf til, stöðvist. Allt er í óvissu um síldveiði til söltunar. Þegar þetta bætist við þær búisfjar, sem verkalýðurinn hefir orðið fyrir vegna þess að byggingar hafa stöðvazt og saltfisksvertið sama og engin, verður ljóst, hversu gifurlegt atvinnuleysið verður, ef ekki er úr bætt með viðtækum ráðstöfunum. Erfiðleikarnir við að afla brýnustu nauðsynja, fæðis, klæða, eldsneytis o. s. frv. hafa margfaldazt. Og ef verðlag hækkar enn stórlega, verða gengisskráningarlögin þess valdandi, að verkalaun lækka svo gifurlega, að ókleift verður að framfleyta lífinu, jafnvel fyrir það verkafólk, sem hefir sæmilega atvinnu.

Þjóðin hefir átt við fyrirhyggjulausa stjórn að búa, sem hefir átt aðeins eitt áhugamál: að tryggja forréttindi yfirstéttarinnar, velta byrðunum yfir á hið vinnandi fólk og ofsækja andstæðinga sína. Þessi stjórn hefir komið í veg fyrir aðkallandi verklegar framkvæmdir áður en styrjöldin hófst, og ekki aðeins vanrækt að birgja landið upp með nauðsynjum meðan tími var til, heldur torveldað á allan hátt, að þeirra væri aflað, og staðið á móti öllum ráðstöfunum til að gera landið svo sjálfbirgt sem kostur er.

Nú vaknar þjóðin við vondan draum. Og nú er ekki tími til að sökkva sér niður í harma yfir því, sem liðið er. Nú er enginn tími fyrir fólknið í landinu til að deila innbyrðis. Nú ríður á, að alþýðan til sjávar og sveita standi saman og mæti erfiðleikumunum sameinuð.

Allar aðgerðir verða nú að miðast við það eitt, að gera fólkinu kleift að lifa í landinu. Eitt verður að ganga yfir alla. Það verður þröngt í húi hjá íslenzku þjóðinni og hún verður að hága lífi sínu í samræmi við þá staðreynd. En nú er svo komið, að mikill hluti þjóðarinnar býr við skort, er á takmörkum hungursins. Að þessu fólkni er ekki hægt að þrengja meira en orðið er, nema hallæri og hungur verði í landi hjá miklum hluta íbúanna. Og við verðum að horfast í augu við slíkt hallæri, ef ekki verða gerðar ráðstafanir, sem duga, til að bæta upp það atvinnutjón, sem verður af völdum styrjaldarinnar, og verkalýðsfélögin fá ekki aftur samningsfrelsi og kaupuppbót, sem svarar til hækkunar á vöruverði.

Hinsvegar eru Íslendingar, sem raka saman stríðsgróða, og hálaunamenn, sem hafa tugi þúsunda í árstekjur og lífa í munaði. Á þessum tímum hefir þjóðin ekki ráð á neinum munaði. Alþýðan verður að binda enda á þetta búskaparlag með þjóðinni, ef hún vill bjarga lífi sínu.

Það verður að bæta upp það atvinnutjón, sem verður af völdum núverandi styrjaldarástands, með margháttuðum atvinnuframkvæmdum, sem komið geta til greina eins og nú horfir.

Verkalýðsfélögin verða aftur að fá samningsfrelsi og verkafólkið mánaðarlega kauphækkun í réttu hlutfalli við verðhækkunina.

Það verður að hækka framfærslustyrki, tryggingabætur og aðra opinbera styrki að fullu í samræmi við aukinn framfærslukostnað.

Það verður að gera allt, sem unnt er til að tryggja samgöngur við þau lönd, sem enn er mögulegt að hafa viðskipti við.

Það má einiskis láta ófreistað til að hagnýta gæði landsins sjálfs til að afla nauðsynja handa þjóðinni.

Það verður að stöðva innflutning á óþarfavörum til landsins og gera ráðstafanir til, að ekkert handahóf geti komið til greina um innflutninginn, þannig að nauðsynlegustu vörurnar sitji skilyrðislaust fyrir, og þá fyrst og fremst þær vörur, sem ekki verður komizt af án, til þess að framleiðslustörfin til sjávar og sveita geti gengið ótrufluð.

Það verður að taka upp skömmtnun á öllum nauðsynjavörum, sem horfur eru á, að ekki verði unnt að afla nægilegs af, og láta þá skömmtnun ná til allra.

Það verður að taka vægðarlaust í taumana gegn allri spákaupmennsku og tilraunum einstakra manna til að græða í skjóli styrjaldarástandsins.

Þær ráðstafanir, sem hér hafa verið taldar, til að gera almenningi kleift að lífa í landinu, og kosta fé, verður að framkvæma á kostnað hinna ríku, sem enn lífa í munaði, þrátt fyrir styrjöldina. Það verður að skera niður öll hálaun og óþarfar greiðslur og skattleggja stríðsgróðann.“

Þingmenn Sósíalístaflokksins hafa áður á þessu þingi flutt frumvörp og þingsályktunartillögur um nokkur af þeim málum, sem tekin eru upp í þessari tillögu, svo sem frv. um breytingu á l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, þingsályktunartillögu um hækkun framfærslustyrks, um bætur fyrir atvinnutjón vegna styrjaldarinnar og um ráðstafanir til sparnaðar í launagreiðslum hins opinbera. Þessum málum hefir verið vísað til nefndar, og er sýnilegt, að þeim er ætlað að sofna þar svefninum langa, en sum hafa ekki verið tekin fyrir enn. Með þessari tillögu viljum við enn freista þess að fá Alþingi til þess að taka öll þessi mál, sem ekki þola neina bið, til skjótrar meðferðar.

Það mun af sumum vera gert ráð fyrir, að þinglausnir verði nú einhvern daginn. Við lítum svo á, að það væri ábyrgðarleysi, sem ekki yrði varið, ef Alþingi hyrfi nú frá öllum þeim vandamálum óleystum, sem skapast hafa vegna hins nýja viðhorfs. Við álitum, að það megi ekki koma til mála, að Alþingi hætti nú störfum, fyrr en það hefir gengið frá þeirri löggjöf, sem nauðsynlegt er að setja til þess að tryggja svo afkomu þjóðarinnar sem kostur er.